

SAMÞYKKT

um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni.

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn er skipuð 9 bæjarfulltrúum sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum Fjarðabyggðar samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, samanber 11. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Sveitarfélagið Fjarðabyggð er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Hlutverk bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. síðari breytingar, annarra laga og samþykkt þessari. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið það öðrum.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

Bæjarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

4. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varða íbúa þess sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga og IV. kafla samþykktar þessarar. Ennfremur að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja samþykktir og reglur eftir því sem lög mæla fyrir um og æskilegt er til þess að stuðla að málefnalegri og vandaðri stjórnsýslu á vegum sveitarfélagsins.
4. Að stuðla að því að sveitarfélagið veiti íbúum Fjarðabyggðar góða þjónustu, svo sem með því að staðfesta áætlanir og stefnumörkun í einstökum málaflökkum.
5. Að stjórna og bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, skv. 58. gr. og 77. gr. í VII. og VIII. kafla sveitarstjórnarlaga, og VI. kafla samþykktar þessarar, svo sem með ákvörðun um nýtingu tekjustofna sveitarfélagsins, setningu gjaldskráa og gerð fjárhagsáætlana, sbr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga, auk þess að taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.
6. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi bæjarstjórnar reglur og setja samþykktir eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf er á.

7. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins, ráða bærarstjóra og ákveða fyrirkomulag á ráðningum annarra starfsmanna sveitarfélagsins, samkvæmt VI. kafla sveitarstjórnarlaga og V. kafla samþykktar þessarar.
8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að setja bærarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
10. Að vera vettvangur fyrir lýðræðislega umfjöllun um málefni sveitarfélagsins og stuðla að kynningu á stjórnarsýslu, þjónustu og öðrum málefnum sveitarfélagsins.
11. Að veita íbúum og þeim sem njóta þjónustu sveitarfélagsins upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf þess við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.
12. Að setja nefndum, ráðum og stjórnnum erindisbréf þar sem kveðið er á um hlutverk þeirra, valdsvið, starfshætti og framsal til fullnaðarákvörðunar í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir bærarstjórnar.

5. gr.

Ný bærarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin bærarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi bærarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin bærarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni bærarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni bærarstjórn sem á að baki lengsta setu í bærarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti bærarstjórnar hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í bærarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

6. gr.

Kjör forseta bærarstjórnar og varaforseta.

Á fyrsta fundi kýs bærarstjórn forseta bærarstjórnar og tvo varaforseta.

Forseti bærarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bærarstjórn, skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný. Ef forseti deyr, verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum eða fær lausn frá starfi, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta. Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis sveitarstjórnarmála. Sá telst rétt kjörinn forseti sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bærarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meirihluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu. Forseti bærarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bærarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra og kosningu forseta.

Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti. Skal kosning þeirra vera hlutfallskosning, enda sé ekki full samstaða um annað innan bærarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga. Sé enginn forseta mættur á fund bærarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bærarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

II. KAFLI

Um fundarsköp bærarstjórnar.

7. gr.

Fundartími bærarstjórnar.

Bærarstjórn heldur reglulega fundi 1. og 3. fimmtudag hvers mánaðar, enda beri dagana ekki upp á helgidaga eða almenna frídaga. Bærarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00 og skulu

haldnir í Fjarðabyggð. Frávik frá reglulegum fundardegi og venjulegum fundartíma skulu ákveðin af forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafundi í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

Heimilt er að halda bæjarstjórnarfundi með síma- eða fjarfundabúnaði. Slíka fundi má þó aðeins halda ef brýna nauðsyn ber til, s.s. vegna veðurs eða erfiðra samgangna, og ekki er hægt að fresta afgreiðslu þeirra mála sem á dagskrá fundarins eru að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra. Fundargerð fjarfundar skal undirrita á næsta fundi bæjarstjórnar sem haldinn er án fjarfundabúnaðar. Tryggja skal almenningi aðgang að þessum fundum eins og um venjulegan bæjarstjórnarfund væri að ræða. Að öðru leyti gildir auglýsing ráðherra um framkvæmd fjarfunda, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Heimilt er að fella niður reglulegan fund í bæjarstjórn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan. Einnig er heimilt að fella niður fund með skemmri fyrirvara ef óveður, rafmagnsleysi eða aðrar sambærilegar ástæður gera það að verkum að ekki er mögulegt að halda fund.

Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með heimildir bæjarstjórnar.

8. gr.

Boðun bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjóri í samráði við forseta bæjarstjórnar, samanber þó 6. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Boðun bæjarstjórnarfundar, skal fara fram með rafrænni tilkynningu á netfang bæjarfulltrúa. Fundargögn skulu gerð bæjarfulltrúa aðgengileg með rafrænum hætti á vefsvæði Fjarðabyggðar.

9. gr.

Auglýsing funda.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Í auglýsingu komi fram fundarboð og dagskrá fundar enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi. Fundi bæjarstjórnar skal alla jafna einungis auglýsa á heimasíðu Fjarðabyggðar en heimilt er að auglýsa fund víðar ef þörf er á.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur hún ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum á heimasíðu sveitarfélagsins.

10. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra og endurskoðenda sveitarfélagsins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, fastanefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, samanber 2. tl. og þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti bæjarstjórnar ákveða að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg.

11. gr.

Boðun aukafunda.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst bærstjóra. Bærstjóri skal senda bærfulltrúum fundarboð aukafundar í bærstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé hann boðaður með dagskrá og enginn bærfulltrúi leggst gegn stuttum fyrirvara.

12. gr.

Opnir fundir.

Bærstjórnarfundir eru opnir og er almenningi heimill aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir. Bærstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls, s.s. viðkvæm einkamál manna eða mál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd séu fyrir luktum dyrum. Forseti eða bærstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélagsins séu viðstaddir. Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

13. gr.

Ályktunarhæfi bærstjórnarfunda og atkvæðagreiðsla.

Bærstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bærfulltrúa er á fundi. Bærstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

Á bærstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Fundarstjórn og vald forseta.

Forseti bærstjórnar stýrir fundum bærstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bærstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar og slítur fundi, þegar dagskrá er tæmd.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bærstjórnar.

Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bærstjórnarfundum og er bærfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur forseti vísað honum úr fundarsal.

Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bærstjórnarfundum.

15. gr.

Afgreiðsla dagskrármála á fundi.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bærstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bærstjórn ákveði annað. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlíð á fundinum. Heimilt er að taka til meðferðar á bærstjórnarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bærfulltrúa samþykkja slík afbrigði.

16. gr.

Afgreiðsla mála, tvær umræður.

Bærstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Staðfestingu ársreikninga sveitarfélagsins.
2. Samþykktir, auk reglna og reglugerða sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.

3. Stefnunarkandi áætlanir sem gilda til lengri tíma en árs og gilda um sveitarfélagið í heild eða meirihluta þess, s.s. þriggja ára áætlanir, framkvæmdaáætlanir og skipulagsáætlanir.

4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í bæjarstjórn skulu fara fram tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins samkvæmt 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ekki þarf tvær umræður um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlun.

17. gr.

Fundarsókn bæjarfulltrúa og varamenn.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir af heilbrigðisástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í bæjarstjórn á þeim fundi. Bæjarfulltrúi skal tilkynna forseta bæjarstjórnar um forföll og óska eftir að forseti sjái um boðun varamanns.

Ef fyrirséð er að aðalmaður taki hlé frá störfum tímabundið, í a.m.k. einn mánuð vegna atvika sem tilgreind eru í 2. mgr., skal varamaður taka sæti í bæjarstjórn þar til ástæður forfalla eru ekki lengur til staðar og tekur þá aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bæjarstjórn skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórn frá og með næsta fundi.

Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir ef aðalfulltrúar þess lista sem þeir eru kosnir af falla frá, flytjast burtu eða forfallast varanlega á annan hátt eða um stundarsakir, samanber 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þó gildir að ef framboðslisti hefur verið borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnvaldaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um að varamenn listans, sem eru úr sama stjórnvaldaflokki eða samtökum og aðalmaður, taki sæti hans í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn varamaður af viðkomandi lista í sama stjórnvaldaflokki eða samtökum og sá aðalfulltrúi sem í hlut á taka varamenn listans sæti samkvæmt venjulegum reglum. Yfirlýsingu um slíkt samkomulag skal leggja fram á fyrsta eða öðrum fundi bæjarstjórnar að loknum sveitarstjórnarkosningum og gildir hún til loka kjörtímabils.

18. gr.

Vanhæfi.

Reglur um vanhæfi eru tvenns konar, þ.e. annars vegar þegar kemur til greina að taka stjórnvaldsákvörðun, sbr. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og hins vegar við hvers kyns önnur mál, sbr. 3. mgr. 1. gr. sömu laga. Um hæfi bæjarfulltrúa, nefndarmanns og starfsmanna Fjarðabyggðar til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun samkvæmt 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis Fjarðabyggðar þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en samkvæmt 1. mgr., þ.e. varðandi hvers kyns mál sem koma til umfjöllunar innan Fjarðabyggðar og sem leiða ekki til töku stjórnvaldsákvörðunar, ber bæjarfulltrúa, nefndarmanni eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Bæjarfulltrúar og nefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar og nefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa eða taka ákvörðun í tilteknu máli sem lagt er fyrir bæjarstjórn eða nefnd eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin eða nefndin fjallar um málið. Þetta á þó ekki við um bæjarstjóra.

Ákvæði 4. mgr. á ekki við þegar bæjarstjórn eða viðkomandi nefnd fjallar um og afgreiðir ársreikninga, fjárhagsáætlanir, skipulagsáætlanir og aðrar almennar áætlanir sveitarfélagsins, enda eigi bæjarfulltrúi eða nefndarmaður ekki sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta umfram aðra við afgreiðslu viðkomandi málefnis.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

19. gr.

Meðferð máls um vanhæfi.

Bæjarfulltrúi, nefndarmaður eða starfsmaður Fjarðabyggðar sem veit hæfi sitt eða annars sem að máli kemur orka tvímælis skal án tafar vekja athygli forseta bæjarstjórnar, formanns nefndar eða næsta yfirmanns á því.

Bæjarstjórn tekur ákvörðun um hæfi bæjarfulltrúa til meðferðar og afgreiðslu einstakra mála. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Nefnd tekur ákvörðun um hæfi nefndarmanns. Nefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi eða nefndarmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

Í fundargerð skal gera grein fyrir atkvæðagreiðslu um vanhæfi og að vanhæfur fundarmaður víki af fundi.

20. gr.

Boðun varamanns vegna vanhæfis.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í bæjarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur bæjarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef $\frac{2}{3}$ hlutar viðstaddra bæjarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefði í för með sér að gengið væri gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

21. gr.

Fundarsköp, málfrelsi.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd, koma leiðréttingu á framfæri, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar geri grein fyrir máli á bæjarstjórnarfundum en til þess þarf samþykki $\frac{2}{3}$ viðstaddra bæjarfulltrúa. Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

22. gr.

Fundarsköp, takmarkanir á málfrelsi.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða. Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við umræðu um hvern dagskrárlið. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, sbr. 10. gr. samþykktar þessarar. Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað. Bæjarstjóri hefur óbundið málfrelsi.

23. gr.

Fundarsköp, vítur á bæjarfulltrúa.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi sem vítur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

24. gr.

Fundarsköp, takmarkanir á ræðutíma.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

25. gr.

Fundarsköp, meðferð tillagna.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

26. gr.

Fundarsköp, afgreiðsla mála.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar fastanefndar, ráðs, stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

27. gr.

Fundarsköp, atkvæðagreiðsla.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Bæjarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

28. gr.

Fundarsköp, kosningar.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar, sem fara fram í bæjarstjórn skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar hlutfallskosningar, nema bæjarstjórn ákveði annað og haldnar samkvæmt d'Hondts reglu samanber 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna og 4. tölulið 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kosningu eins fulltrúa úr hópi margra, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar samanber 6. gr. þessarar samþykktar.

Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar nema bæjarstjórn ákveði annað.

29. gr.

Fundarritun og fundargerð.

Fundargerðir bæjarstjórnar skal rita og færa í gerðabók. Bæjarstjórn ræður fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast undirbúning funda og ritun fundargerða bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið:

númers fundar, fundardags, fundarstaðar og tímasetningar upphafs fundar,
 hverjir sitja fundinn,
 einstakra mála sem tekin eru fyrir, dagsetningar þeirra og aðila máls,
 meginefnis máls, hvaða gögn eru lögð fram á fundi og hvenær þau eru dagsett,
 tillagna um afgreiðslu máls,
 hvernig mál er afgreitt,
 helstu forsendna fyrir ákvörðun ef um stjórnsýsluákvörðun er að ræða og upplýsingar um þær er ekki að finna í framlögðum gögnum,
 hvernig atkvæði hafa fallið, ef mál er ekki afgreitt samhljóða og hverjir hafi greitt atkvæði með og hverjir á móti.

Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningar fundargerða og hverjir taka til máls. Ályktana eða samþykktu í fundargerðum nefnda sem þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar, skal geta sem sérstaks dagskrárliðar, sbr. 3. tl. 10. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að bóka stutta athugasemd um afstöðu sína til máls fyrir bæjarstjórn. Athugasemd skal lögð fram skriflega.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar, skal skrá sem trúnaðarmál og færa í sérstaka fundargerðabók.

Fundargerðir skulu skráðar í tölvu nema annað sé ákveðið sérstaklega. Í gerðabók bæjarstjórnar skal jafnframt bóka númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók tímasetningu fundarslita og greina blaðsíðutal fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Bæjarfulltrúar skulu rita nafn sitt í gerðabók í lok hvers fundar.

Forseti sér um að fundargerðir séu færðar og að fundir fari að öðru leyti fram í samræmi við lög, samþykktir sveitarfélagsins og almenn fundarsköp. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og prentuð út og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu. Sé símafundur eða fjarfundur haldinn undirrita þeir fundargerð sem ekki voru viðstaddir, á næsta fundi bæjarstjórnar.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði. Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

30. gr.

Fundarseta.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 17. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi, aðal- eða varafulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum og ráðum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða öðru ráði eða nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að inna af hendi störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar.

31. gr.

Lausn úr bæjarstjórn.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bæjarstjórn skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórn frá og með næsta fundi, sbr. 30. gr. laga nr. 138/2011.

Ef bæjarfulltrúi missir fjárforræði skal bæjarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

Telji bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við bæjarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr bæjarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

32. gr.

Málfrelsi, tillöguréttur og atkvæðaréttur.

Bæjarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari. Bæjarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá bæjarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess samkvæmt 4. tl. 10. gr. enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund. Mál sem ekki er tilgreint á útsendri dagskrá bæjarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis $\frac{2}{3}$ fundarmanna.

Vilji bæjarfulltrúi ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr án umræðna.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að greiða atkvæði um einstök mál en hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikningur eða kjör fulltrúa í lögboðin ráð og nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa situr hjá við atkvæðagreiðsluna.

33. gr.

Hagsmunir sveitarfélagsins.

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna Fjarðabyggðar en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni í afstöðu til einstakra mála auk þess sem honum ber að haga störfum sínum í samræmi við siðareglur sveitarfélagsins.

34. gr.

Aðgangur að upplýsingum o.fl.

Bæjarfulltrúi á rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem geta komið til umfjöllunar í bæjarstjórn. Bæjarfulltrúi skal einnig

eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu, stofnunum og fyrirtækjum sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma til að kynna sér starfsemi og rekstur þess.

Óski bæjarfulltrúi gagna eða vilji fá aðgang að stofnunum eða fyrirtækjum Fjarðabyggðar skal hann beina því til bæjarstjóra, eða staðgengils hans, sem veitir honum aðgang með aðstoð hlutað-eigandi starfsmanna sveitarfélagsins. Fyrirspurnum bæjarfulltrúa skal svara svo fljótt sem auðið er og alla jafna eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að fyrirspurn berst.

Bæjarfulltrúi á ekki rétt á að taka gögn, eða afrit af gögnum, af bæjarskrifstofu nema að því marki sem felst í ákvæðum upplýsingalaga um afhendingu gagna og afrita.

Varði málefni viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í bæjarstjórn er heimilt að neita afhendingu gagna og upplýsinga.

35. gr.

Þagnarskylda.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar. Þagnarskylda helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

36. gr.

Þóknun.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúa og fundarstaðar bæjarstjórnar getur bæjarstjórn auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu.

Bæjarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

37. gr.

Orlof og fundartími.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka orlof árlega, samanber 7. gr. samþykktar þessarar.

38. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem sitja bæjarstjórnarfundi.

IV. KAFLI

Bæjarráð, ráð, aðrar nefndir og stjórnir.

39. gr.

Kosning í bæjarráð.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs. Kosningar í bæjarráð síðar á kjörtímabilinu skulu fara fram í júní ár hvert.

Varamenn í bæjarráði eru þeir aðal- og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður, í þeirri röð sem þeir skipuðu lista við sveitarstjórnarkosningar.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjaráðs úr hópi kjörinna bæjarfulltrúa.

Flokkur eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en hefur ekki fengið kjörinn bæjarráðsmann er heimilt að tilnefna fulltrúa og einn varafulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögu-rétt.

40. gr.

Kosning í fastanefndir, aðrar nefndir, ráð og stjórnir – kjörgengi.

Bæjarstjórn kys fulltrúa í fastanefndir, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og bæjarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Þeir einir eru kjörgengir í fastanefndir, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka, aðrar nefndir, ráð og stjórnir á vegum Fjarðabyggðar sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitastjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í fastanefndir, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka, aðrar nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá. Bæjarstjórn getur ákveðið að víkja frá þessu ákvæði ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starf viðkomandi einstaklings er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum þrátt fyrir nefndarsetu.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu í fastanefndir, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka, aðrar nefndir, ráð og stjórnir þarf að gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, við skipun í viðkomandi nefnd.

41. gr.

Kosning varamanna í fastanefndir, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn, og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn, af þeim lista sem aðalmaður er kjörinn af, sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram til að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til bæjarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd geta þeir komið sér saman um með samkomulagi, að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundi eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

42. gr.

Nefnd sem fer með einstök verkefni eða málaflokka.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að fjalla um og undirbúa einstök mál, málaflokka eða verkefni. Umboð slíkra nefnda getur bæjarstjórn afturkallað hvenær sem er og fellur það sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar.

Einstaklingar sem taka sæti í nefndum samkvæmt þessari grein þurfa ekki að hafa náð aldri til að njóta kosningarréttar og þurfa ekki að eiga lögheimili í Fjarðabyggð.

43. gr.

Fundartími bæjarráðs og annarra nefnda.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi vikulega á reglulegum fundartímum. Aukafund skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess. Fastanefndir, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka, aðrar nefndir, ráð eða stjórnir ákveða sjálfar fundartíma. Heimilt er að halda fund með síma- eða fjarfundabúnaði.

44. gr.

Undirbúningur og boðun bæjarráðsfunda.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann tilkynna formanni bæjarráðs forföll og formaður hlutast til um boðun varamanns. Bæjarráð ákveður form boðunar og nánara fyrirkomulag dreifingar fundargagna.

45. gr.

Stjórnun bæjarráðs.

Formaður bæjarráðs sér um að fundargerðir séu færðar og að fundir fari að öðru leyti fram í samræmi við lög, samþykktir sveitarfélagsins og almenn fundarsköp. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilkynnt í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess. Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs.

46. gr.

Hlutverk bæjarráðs.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, fjármálastjórn og starfsmannastjórn, að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnýslu, framkvæmdum og fjármálum sveitarfélagsins. Bæjarráð hefur umsjón með undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, undirbýr frumvarp að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og ákveður skiptingu rekstrarfjármuna til einstakra málaflokka samkvæmt frumvarpi að fjárhagsáætlun. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir séu ásamt ársreikningum bæjarfyrirtækja lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Undir bæjarráð heyra málefni a-hluta stofnana og b-hluta fyrirtækja sem ekki eru falin öðrum í samþykkt þessari eða öðrum samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarráð ber ábyrgð á forgangsröðun framkvæmda og vinabæjarsamskiptum.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar annast gerð kjörskrár, fjallar um athugasemdir við kjörskrár, gerir nauðsynlegar leiðréttingar og afgreiðir ágreiningsmál í samræmi við ákvæði laga um kosningar.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar.

Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð skal hafa til viðmiðunar að stefnumarkandi og fordæmisgefandi málefni séu afgreidd með fullnaðarákvörðun bæjarstjórnar ef ekki liggja fyrir reglur, samþykktir, stefnumörkun eða áætlanir staðfestar af bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli fyrir á annan veg. Bæjarráð tekur fullnaðarákvarðanir vegna lána, ábyrgða og annarra fjárhagslegra skuldbindinga Fjarðabyggðar og annast sölu eigna og annarra réttinda sveitarfélagsins, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmist innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

Heimilt er að bóka einstök mál sem tekin eru fyrir í bæjarráði í sérstaka trúnaðarbók, svo sem ef um er að ræða viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál. Til viðmiðunar um hvenær það getur átt við skal litið til upplýsingalaga nr. 140/2012.

47. gr.

Starfsmenn á fundi bæjarráðs og fastanefnda.

Starfsmönnum sveitarfélagsins er skylt að sitja fundi bæjarráðs og fastanefnda ef þess er óskað.

48. gr.

Kjör formanna og varaformanna nefnda, ráða og stjórna.

Bæjarstjórn kýs nefndum formann og varaformann. Formenn fastanefnda skulu koma úr röðum aðalmanna í bæjarstjórn sé þess nokkur kostur. Ritari nefndar skal valinn úr hópi starfsmanna hlutað-

eigandi málaflokks og ber hann ásamt formanni ábyrgð á undirbúningi nefndarfunda. Formaður nefndar boðar, eða lætur boða fundi í nefnd, með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

49. gr.

Fundarseta í nefndum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju. Skilyrði um kynjahlutföll þarf einnig að vera uppfyllt þegar varamaður tekur sæti aðmanns varanlega, sbr. 2. tl. 44. gr. og 4. tl. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 3. mgr. 47. gr. sveitarstjórnarlaga.

50. gr.

Þagnarskylda.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar. Þagnarskyldan helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af störfum.

51. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á nefndarfundi gildir ákvæði 17. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á. Aðalmaður skal tilkynna formanni nefndar um forföll sín og formaður skal sjá um boðun varamanns.

52. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Ef framboðsaðili, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, nær ekki kjöri í bæjarráð er fulltrúum þess aðila heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum bæjarráðs. Hið sama á við um fastanefndir sem falið hefur verið fullnaðarákvörðunarvald í málum en ákvæði þetta nær þó ekki til barnaverndarnefndar.

Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í bæjarráði skulu vera aðalmenn í bæjarstjórn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í nefnd skulu uppfylla kjörgengisskilyrði í viðkomandi nefnd.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Um boðun varaáheyrnarfulltrúa á fundi fastanefnda gilda sömu reglur og um boðun varamanna.

53. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Bæjarráð tilnefnir alla jafna fulltrúa til setu á aðalfundum byggðasamlaga og félaga nema annað sé ákveðið í samþykkt þessari.

54. gr.

Lokaðir fundir.

Fundir í ráðum og nefndum skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt, svo fremi lög eða eðli máls hamli því ekki, enda samræmist ósk reglum Fjarðabyggðar um beiðnir um opna fundi. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Einum bæjarfulltrúa, frá hverju framboði sem setu á í bæjarstjórn, er heimilt að sitja fundi fastanefnda, til viðbótar við þá sem kosnir hafa verið í viðkomandi fastanefnd, til áheyrnar án málfrelsis og tillöguréttar, þó ekki fundi barnaverndarnefndar, ef beiðni þess efnis berst formanni viðkomandi nefndar með sólarhrings fyrirvara og meirihluti nefndar samþykkir áheyrnarsetu. Ekki er greitt fyrir setu bæjarfulltrúa til áheyrnar í nefndum.

55. gr.

Fundarstjórn og málsmeðferð.

Formaður nefndar stýrir fundum.

Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, eftir því sem við á.

56. gr.

Hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum og erindisbréfum nefnda.

Bæjarstjórn er heimilt að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði.

57. gr.

Fullnaðarafgreiðsla.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðri málsmeðferð getur bæjarstjórn ákveðið að fela nefnd, ráði eða stjórn fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum er bæjarstjórn heimilt að fela embættismönnum innan stjórnsýslu Fjarðabyggðar fullnaðarafgreiðslu mála.

Bæjarstjórn, bæjarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt 1. og 2. mgr. og getur kallað eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Sá aðili sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu samkvæmt 2. mgr., eða þriðjungur fulltrúa ef um nefnd, ráð eða stjórn er að ræða, sbr. 1. mgr., getur ávallt óskað eftir því að bæjarstjórn, bæjarráð eða viðkomandi nefnd samkvæmt samþykktum um stjórn Fjarðabyggðar og fundar-sköp bæjarstjórnar taki ákvörðun í máli.

Þegar bæjarstjórn neytir heimildar samkvæmt 1. eða 2. mgr. skal jafnframt kveðið á um það hvornig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

Um endurupptöku mála gildir að öðru leyti 24. gr. stjórnsýslulaga.

Heimildir nefnda, ráða og stjórna til fullnaðarafgreiðslu mála eru háðar því að samþykktir þeirra, sem hafa í för með sér útgjöld, séu innan heimilda í fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi mála-flokk.

58. gr.

Fundargerðabækur og ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda fundargerðir og gerðabækur. Nefndir eiga aðgang að fundarritara úr hópi starfsmanna hlutaðeigandi málaflökks. Skráning fundargerða skal fara fram í samræmi við 29. gr. samþykktar þessarar. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana. Sé fjárfundur haldinn undirrita þeir sem ekki voru viðstaddir á fundinum fundargerð á næsta fundi. Þegar nefnd tekur stjórnsýsluákvörðun á grundvelli heimildar til fullnaðarafgreiðslu, sbr. 57. gr. samþykktar þessarar, skal þess getið í fundargerð.

59. gr.

Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir næsta fund bæjarráðs til kynningar og því næst fyrir bæjarstjórn ásamt fundargerðum bæjarráðs.

Afgreiðsla bæjarráðs á fundargerðum nefnda og einstökum samþykktum nefnda skal taka mið af hlutverki bæjarráðsins samkvæmt 46. gr., svo sem almennu umsjónarhlutverki þess með stjórnslu Fjarðabyggðar og fjárstjórn sveitarfélagsins sérstaklega. Í öðrum tilvikum, en þegar nefnd hefur afgreitt mál með fullnaðarafgreiðslu, getur bæjarráð staðfest samþykkt nefndar í samræmi við ákvæði í 46. gr. Þegar bæjarráð tekur einstakar samþykktir nefnda til umfjöllunar getur ráðið jafnframt vísað máli til frekari umfjöllunar í stjórnkerfi sveitarfélagsins eða gert sérstakar tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu á grundvelli hlutverks ráðsins, skv. 46. gr. Hafi samþykkt nefndar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal bæjarráð ávallt gera tillögu til bæjarstjórnar um afgreiðslu, nema ráðið taki fullnaðarákvörðun í málinu og hafi þá jafnframt fjárheimildir sem veitt er til viðkomandi málaflokks.

Bæjarstjórn tekur fundargerðir nefnda til almennrar umfjöllunar. Að því marki sem fullnaðarákvörðun hefur ekki þegar verið tekin í máli og ákvörðun þarfnast sérstakrar staðfestingar, afgreiðir bæjarstjórn samþykktir bæjarráðs og nefnda, m.a. með tilliti til umfjöllunar bæjarráðs um málið. Slík mál skulu sérstaklega tilgreind á dagskrá bæjarstjórnarfundar, sbr. 3. tl. 10. gr.

Fundargerðir nefnda sem starfa í umboði fagnefndar, skulu lagðar fyrir viðkomandi nefnd áður en afgreiðsla þeirra samkvæmt 1. mgr. á sér stað.

60. gr.

Þóknun.

Bæjarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati bæjarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur.

Bæjarstjórn er með sama hætti heimilt, en ekki skylt, að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum.

61. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefna- legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Ennfremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

62. gr.

Nefndir, ráð, stjórnir, embættismenn. Tilnefningar, skipanir og kosningar.

Nefndir og stjórnir. Hér er um að ræða fastanefndir og stjórnir, sem sinna faglegu starfi á grundvelli sérstakra erindisbréfa sem staðfest eru í bæjarstjórn. Kjörtímabil nefndanna er almennt hið sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kys formann og varaformann við kosningu nefndar. Bæjarstjórn ákveður verkefni þeirra með erindisbréfi, í samræmi við lög og reglur sem um störf þeirra gilda.

Fastanefndir undirbúa stefnumörkun í málefnum sem þeim eru falin. Nefndirnar hafa umsjón með verkefnum sem falla undir verksvið þeirra og að framkvæmd þeirra samræmist stefnumörkun bæjarstjórnar í viðkomandi málaflokki og sé innan heimilda í fjárhagsáætlun. Við undirbúning

ákvarðana og önnur störf nefnda skulu þær njóta faglegs stuðning frá starfsmönnum þannig að ákvarðanir stjórnkerfis Fjarðabyggðar uppfylli kröfur laga og séu í samræmi við góða stjórnsýslu-hætti.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Kjósa skal þrjá fulltrúa í bæjarráð til eins árs í samræmi við 39. gr. samþykktar þessarar.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar.

1. *Atvinnu- og menningarnefnd*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í atvinnu- og menningarnefnd. Hlutverk hennar er m.a. að marka stefnu í atvinnuþróunarmálum, þ.m.t. menningar- og ferðamálum og í kynningar- og markaðsmálum, hún ber ábyrgð á samskiptum við hagsmunaaðila í atvinnuþróunarmálum, þ.m.t. fyrirtæki í Fjarðabyggð og við þá sem ábyrgð bera á atvinnuþróunarmálum af hálfu ríkis og landshlutasamtaka. Þá ber nefndin ábyrgð á safnastarfi sveitarfélagsins og samskiptum við þá aðila sem vinna að menningarmálum. Nefndinni ber að styrkja stöðu Fjarðabyggðar sem áfangastaðar ferðalanga og vinna að undirbúningi viðburða og hátíða í samvinnu við hagsmunaaðila. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði nefndarinnar sé fylgt og fer með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.
2. *Barnaverndarnefnd*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í barnaverndarnefnd. Um verkefni barnaverndarnefndar fer samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 og barnalögum nr. 76/2003. Nefndin skal móta stefnu sveitarfélagsins í barnaverndarmálum og taka ákvarðanir á verksviði sínu. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði hennar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.
3. *Félagsmálanefnd*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálanefnd. Nefndin mótar stefnu sveitarfélagsins í velferðarþjónustu s.s. félags- og öldrunarmálum, málefnum fatlaðra og í jafnréttismálum. Nefndin skal taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarráðs um málefni á verksviði sínu. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði nefndarinnar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.
4. *Fræðslu- og frístundanefnd*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslu- og frístundanefnd. Nefndin annast stefnumótun í fræðslu- og menntamálum og íþróttar- og æskulýðsmálum. Nefndin skal vinna að samhæfingu skólustarfs í Fjarðabyggð, stuðla að virku íþróttar- og æskulýðsstarfi og virkja félagsauðinn í sveitarfélaginu. Nefndin skal taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarráðs um málefni á verksviði sínu. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði nefndarinnar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.
5. *Hafnarstjórn*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í hafnarstjórn samkvæmt lögum um hafnamál. Hlutverk og verkefni hafnarstjórnar eru lögbundin en jafnframt ákveðin í sérstakri samþykkt sem bæjarstjórn setur um störf hennar. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.
6. *Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í eigna, skipulags- og umhverfisnefnd. Nefndin skal móta stefnu sveitarfélagsins varðandi mannvirki og umsjón þeirra, náttúruvernd og umhverfismál, þ.m.t. meðferð úrgangs, skipulags- og byggingarmál og samgöngu- og umferðaröryggismál. Nefndin skal taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarráðs um málefni á verksviði sínu. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði hennar sé framfylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.
7. *Ungmennaráð*. Ungmennaráð skal starfa í samræmi við ákvæði 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Hlutverk þess er m.a. að vera bæjarstjórninni til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu. Fræðslu- og frístundanefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar um verklagsreglur varðandi val í ungmennaráðið og verkefni þess.

8. *Landbúnaðarnefnd.* Landbúnaðarnefnd skal fjalla um fjallskilamál, búfjárefirlit og girðingamál í umboði eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar. Í landbúnaðarnefnd sitja fimm fulltrúar kosnir af eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd. Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar að erindisbréfi um hlutverk og verkefni landbúnaðarnefndar. Fundargerðir landbúnaðarnefndar skulu lagðar fyrir eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd áður en þær fá fullnádarafgreiðslu í bæjarstjórn.
 9. *Kjörstjórnir.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn, samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna og lögum um kosningar til Alþingis. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi. Ennfremur kýs bæjarstjórn undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru sem skipaðar eru þremur aðalmönnum og þremur varamönnum. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og lögum um kosningar til Alþingis.
- C. **Stjórnir og samstarfsnefndir.** Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsnefndir, sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd. Kjörtímabil þeirra er hið sama og bæjarstjórnar nema kveðið sé á um annað í lögum.
1. *Almannavarnanefnd.* Bæjarstjórn skipar fulltrúa í almannavarnanefnd á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/2008 felst hlutverk nefndarinnar í stefnumótun og skipulagningu starfs að almannavörnum í héraði. Nefndin vinnur að gerð hættumats og viðbragðsáætlananna í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Sýslumaður á sæti í almannavarnanefnd ásamt fulltrúum úr bæjarstjórn og þeim fulltrúum sem sinna verkefnum í þágu hins almenna borgara. Almannavarnanefnd kýs sér sjálf formann og varaformann.
 2. *Stjórn Náttúrustofu Austurlands.* Bæjarráð skipar einn aðalfulltrúa og annan til vara í þriggja manna stjórn Náttúrustofu Austurlands. Þá velur bæjarráð stjórninni formann í samráði við bæjarráð Fljótisdalshéraðs. Náttúrustofan starfar samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.
 3. *Stjórn Kirkju- og menningarmiðstöðvarinnar.* Bæjarstjórn skipar einn fulltrúa og annan til vara í stjórn Kirkju- og menningarmiðstöðvarinnar að fenginni tilnefningu atvinnu- og menningarnefndar.
 4. *Starfskjaranefndir.* Bæjarstjórn skipar fulltrúa í starfskjaranefndir eftir ákvæðum kjarasamninga og samþykkt frá stjórn Sambands sveitarfélaga.
 5. *Stjórn Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar.* Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um Lífeyrissjóð Neskaupstaðar er bæjarstjóri formaður stjórnar. Jafnframt skipar bæjarstjórn einn aðalfulltrúa og annan til vara í stjórn sjóðsins.
- D. **Tilnefningar og kosningar.** Kosnir fulltrúar á ársþing og ársfundi stofnana, sem sveitarfélagið á aðild að. Kjörtímabil þeirra er hið sama og bæjarstjórnar nema kveðið sé á um annað og skal kosning fara fram á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar eða í júní ár hvert vegna þeirra tilnefninga sem gilda skemur.
- a. Kosnir af bæjarstjórn.**
1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs bæjarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins.
 2. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.* Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.
 3. *Samband sveitarfélaga á Austurlandi.* Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, samkvæmt lögum sambandsins. Fulltrúar sveitarfélagsins eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna næstkomandi aðalfundar.
- b. Tilnefningar staðfestar af bæjarstjórn.**
1. *Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands.* Samkvæmt samningi um Skólaskrifstofu Austurlands skal bæjarstjóri sitja í stjórn skrifstofunnar. Staðgengill bæjarstjóra er varamaður hans í stjórn.

2. *Stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga*. Samkvæmt stofnsamningi Héraðsskjalasafns Austfirðinga og eftir tilnefningu atvinnu- og menningarnefndar skipar bæjarstjórn aðal- og varafulltrúa í stjórn safnsins og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
 3. *Menningarráð Austurlands*. Bæjarstjórn kýs fulltrúa á aðalfund og jafnmarga til vara, samkvæmt samþykktum ráðsins, að fenginni tillögu atvinnu- og menningarnefndar.
 4. *Stjórn Sjóminjasafns Austurlands*. Bæjarstjórn skipar fulltrúa í stjórn Sjóminjasafns Austurlands skv. stofnsamningi þess og eftir tilnefningu atvinnu- og menningarnefndar.
 5. *Stjórn Smiðju- og sjóminjasafns Jósafats Hinrikssonar*. Bæjarstjórn skipar fulltrúa í stjórn safnsins samkvæmt stofnsamningi þess og eftir tilnefningu atvinnu- og menningarnefndar.
 6. *Austurbrú*. Bæjarstjórn skipar fulltrúa í fulltrúaráð Austurbrúar samkvæmt skipulagsskrá hennar og eftir tilnefningu atvinnu- og menningarnefndar.
- E. **Samkvæmt lögum skal bæjarstjórn kjósa í eftirtalin verkefni:**
1. *Fjallskilastjórar*. Bæjarstjórn kýs fjallskilastjóra eftir tilnefningu landbúnaðarnefndar, samanber ákvæði fjallskilasamþykktar fyrir Múlasýslur.
- F. **Verkefnabundnar nefndir**. Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að fjalla um og undirbúa einstök mál, málaflokka eða verkefni. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar eða fyrr ef verki nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Einstaklingar sem taka sæti í nefndum samkvæmt þessari grein þurfa ekki að hafa náð aldri til að njóta kosningarréttar og þurfa ekki að eiga lögheimili í Fjarðabyggð.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

63. gr.

Ráðning bæjarstjóra.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

64. gr.

Hlutverk bæjarstjóra.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og æðsti yfirmaður annars starfsliðs þess. Hann skal sjá um að stjórnslá sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrir-mælum yfirmanna. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, þ.m.t. rétt til bókana, en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Sömu réttindi fylgja setu hans á fundum nefnda sveitarfélagsins.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs, hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar þess. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnar að veita stjórnendum fyrirtækja og stofnana prókúru. Prókúruhafar skulu vera fjárráða.

Bæjarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til, hafi slík undirritun ekki verið falin öðrum.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins. Bæjarritari er staðgengill bæjarstjóra.

65. gr.

Ráðning stjórnenda.

Bæjarráð ræður starfsmenn í þær stjórnunarstöður sem heyra beint undir bæjarstjóra, samkvæmt skipuriti sveitarfélagsins, að fenginni tillögu bæjarstjóra og auk þess yfirmenn stofnana og fyrirtækja í eigu sveitarfélagsins sem heyra beint undir bæjarstjóra.

66. gr.

Ráðning annarra starfsmanna.

Sviðsstjórar og stjórnendur sveitarfélagsins ráða aðra starfsmenn.

67. gr.

Réttindi og skyldur.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga, starfsmannastefnu, starfsskyldum stjórnenda og jafnréttisáætlun. Starfsmenn Fjarðabyggðar og verkefnaáráðnir starfsmenn, eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

68. gr.

Fjárstjórnarvald.

Bæjarstjórn tekur ákvarðanir um málefni sem varða fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði, séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölulið,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins ef um verulega fjárhagslega hagsmuni er að ræða,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess ef um verulega fjárhagslega hagsmuni er að ræða,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

69. gr.

Fjárhagsáætlanir og viðaukar.

Bæjarstjórn afgreiðir á hverju ári fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir Fjarðabyggð sem felur í sér heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins á tímabilinu, bæði A- og B-hluta. Skal fjárhagsáætlun næsta árs fela í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til.

Fjárhagsáætlanir hvers árs skulu gefa glögga mynd af rekstri, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs og stofnana við upphaf áætlunartímabilsins.

Bæjarráð leggur tillögu um fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Bæjarstjórn skal fjalla um þær á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu í bæjarstjórn skal afgreiða þær, þó ekki síðar en 15. desember. Tillögum skal fylgja lýsing helstu framkvæmda og skuldbindinga sem gert er ráð fyrir.

Ákvörðun um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í þegar samþykktari fjárhagsáætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans. Þó má í undantekningar-tilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án

Þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar bæjarstjórnar skal afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi bæjarstjórnar.

Fjárhagsáætlun skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun samkvæmt 3. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til ráðuneytis sveitarstjórnarmála og tilgreina ástæðu fyrir beiðni um frest.

Fjárhagsáætlanir skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar og eigi síðar en 15 dögum frá afgreiðslu þeirra. Sama á við um breytta eða endurskoðaða áætlun og viðauka við fjárhagsáætlun.

70. gr.

Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu.

Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að Fjarðabyggð muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Þessari skyldu fullnægir bæjarstjórn með því að tryggja í fyrsta lagi að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og í öðru lagi að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum. Að öðru leyti vísast til ákvæða reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkis tryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins á yfirstandandi reikningsári er skylt að láta fara fram sérstakt mat á hvaða áhrif það muni hafa á fjárhag sveitarfélagsins. Skal það mat framkvæmt af sérfróðum aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu.

71. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir bæjarsjóð, stofnanir Fjarðabyggðar og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. bæjarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningskilavenju. Í ársreikningi skal koma fram samanburður við ársreikning undanfarins árs, upphaflega fjárhagsáætlun ársins og fjárhagsáætlun ársins ásamt viðaukum.

72. gr.

Afgreiðsla ársreiknings.

Ársreikningar sveitarfélagsins skulu fullgerðir og samþykktir af bæjarráði og tilbúnir til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert. Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðenda og skoðunarmanna. Bæjarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikningana. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og ráðuneyti sveitarstjórnarmála eigi síðar en 20. maí ár hvert ásamt skýrslu endurskoðanda.

73. gr.

Endurskoðun ársreiknings.

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast endurskoðun ársreikninga sveitarfélagsins. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um

ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

VII. KAFLI

Íbúalýðræði og samráð við íbúa.

74. gr.

Réttur íbúa til að hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika á að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar.

75. gr.

Upplýsingar um málefni sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn skal upplýsa íbúa um áætlanir sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og ákvörðunar og varða þá með almennum hætti. Sama gildir um einstök mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Bæjarstjórn skal leitast við að veita íbúum upplýsingar um áhrif slíkra mála og áætlana á þjónustu sveitarfélagsins til skemmri og lengri tíma, fjárhag þess, umhverfi og markmið.

Bæjarstjórn skal leitast við að upplýsa íbúa með almennum hætti um þær leiðir og aðferðir sem notaðar eru við samráð, m.a. við undirbúning mála og áætlana skv. 1. mgr.

Bæjarstjórn skal ennfremur leitast við að láta íbúum sveitarfélagsins með reglulegum hætti í té upplýsingar um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, umfang þess og kostnað.

76. gr.

Íbúafundir.

Til íbúafundar skal boða með opinberri auglýsingu ekki síðar en 10 dögum fyrir fundardag.

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um form fundar, þar á meðal hvort þátttakendum gefist tækifæri til að taka þátt í umræðum og leggja fram fyrirspurnir og tillögur.

Eigi atkvæðagreiðsla að fara fram á fundi skal það tiltekið í fundarboði ásamt þeirri tillögu sem greiða á atkvæði um. Telji bæjarstjórn ástæðu til skal útbúa kjörskrá yfir þá sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna og eru þá aðeins þeir sem eru á kjörskránni atkvæðisbærir á íbúafundi. Að öðrum kosti hafa atkvæðisrétt allir þeir sem til fundarins mæta.

Um gerð kjörskrár og auglýsingu gilda ákvæði 4.–7. gr. og 9.–11. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Ályktanir almennra íbúafunda eru ekki bindandi fyrir bæjarstjórn.

Ef minnst 10% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska íbúafundar skv. 105. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því svo fljótt sem unnt er.

Framkvæmd íbúafundar fer einnig eftir ákvæðum 105. gr. sveitarstjórnarlaga.

77. gr.

Íbúaðing.

Íbúaðing geta verið bundin við ákveðin svæði innan sveitarfélagsins. Niðurstöður og ályktanir íbúaðinga eru ekki bindandi fyrir bæjarstjórn.

78. gr.

Atkvæðagreiðsla meðal íbúa.

Bæjarstjórn getur ákveðið hvort fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélagsins um einstök málefni þess.

Til atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. skal boða með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara með opinberri auglýsingu. Samhliða skal bæjarstjórn opinberlega kynna þá tillögu sem borin verður undir atkvæði og þær upplýsingar sem kjósendum eru nauðsynlegar til að geta tekið til hennar upplýsta afstöðu.

Rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. eiga þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Bæjarstjórn skal gera kjörskrá fyrir atkvæða-

greiðsluna. Um gerð hennar og auglýsingu gilda ákvæði 4.–7. gr. og 9.–11. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg og atkvæðisréttur jafn.

Atkvæðagreiðsla er ráðgefandi nema bæjarstjórn ákveði að hún skuli binda hendur hennar til loka kjörtímabils og skal slík binding þá koma fram í auglýsingu, sbr. 2. mgr. Slíka ákvörðun má binda skilyrði um að tiltekið hlutfall þeirra sem voru á kjörskrá hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu.

Við framkvæmd atkvæðagreiðslu samkvæmt þessari grein skal að öðru leyti farið eftir meginreglum laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við á.

79. gr.

Krafa um almenna atkvæðagreiðslu.

Ef þriðjungur af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Bæjarstjórn á ákvörðunarvald um framkvæmd kosningar og þá spurningu sem borin verður upp sé um að ræða almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa sveitarfélagsins. Um framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu meðal íbúa sveitarfélagsins ber að fara eftir ákvæði 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Almennrar atkvæðagreiðslu verður ekki krafist um efni fjárhagsáætlunar, um tekjustofna sveitarfélagsins eða álagningu annarra lögheimilaðra gjalda, um ráðningu í störf hjá sveitarfélaginu, um laun og önnur starfskjör bæjarfulltrúa eða starfsmanna sveitarfélagsins eða tillögu sem gengur gegn lögum eða myndi leiða til þess að lagaskyldu yrði ekki fullnægt af hálfu sveitarfélagsins.

Við mat á því hvort tilskilinn fjöldi hafi lagt fram ósk skv. 1. mgr. skal miðað við þá einstaklinga sem uppfylla skilyrði 2. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna á þeim degi sem söfnun undirskrifta og/eða staðfestinga lýkur samkvæmt kjörskrárstofni sem Þjóðskrá Íslands lætur sveitarfélaginu í té.

80. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 250/2010.

Innanríkisráðuneytinu, 4. júní 2013.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.